

Staða váttryggingaskuldar váttryggingafélaga

Vegna umræðu um stöðu váttryggingafélaga að undanfögnu og þá einkum váttryggingaskuldar þeirra (sem í daglegu tali er oft kölluð bótasjóður) vill Fjármálaeftirlitið koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri.

Váttryggingaskuld váttryggingafélaga á almennum váttryggingamarkaði var í lok september sl. 65 ma.kr. samanborið við 66 ma.kr. í lok júní sl. Váttryggingaskuldin svarar til óuppgerðra skuldbindinga vegna gerðra váttryggingasamninga og ræðst fjárhæð hennar því af váttryggingarekstrinum en ekki afkomu fjárfestinga. Þættir sem hafa áhrif á váttryggingaskuld eru m.a. áhætta vegna tjóna sem gætu orðið síðar vegna iðgjalda sem þegar hafa verið greidd (iðgjaldaskuld) og áhætta vegna tjóna sem þegar hafa orðið og hafa annað hvort ekki verið tilkynnt eða að fullu gerð upp (tjónaskuld).

Í lok september skiptist váttryggingaskuldin þannig að iðgjaldaskuldin var 17 ma.kr. en tjónaskuldin 48 ma.kr.

Váttryggingafélögum ber að sjá til að á hverjum tíma séu fyrir hendi eignir sem sérstaklega eru tilgreindar til jöfnunar váttryggingaskuldinni. Reglur um hvaða eignir má nota til jöfnunar váttryggingaskuld og um dreifingu þeirra eru tilgreindar í reglugerð nr. 646/1995.

Helstu eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar í lok júní sl. voru fasteignir, varanlegir rekstrarfjármunir og skuldabréf með veð í fasteignum, skipum eða bílum 29,5% (leyfilegt hlutfall 40%), verðbréf skráð á markaði og verðbréfasjóðir 24,3% (leyfilegt hlutfall 40%), innstæður í lánastofnunum 20,6% (leyfilegt hlutfall 100%) og verðbréf með ábyrgð ríkis 19,5% (leyfilegt hlutfall 100%)

Í lok september hafði staðan hins vegar breyst þannig að hlutfall fasteigna, varanlegra rekstrarfjármuna og skuldabréfa með veð í fasteignum, skipum eða bílum var svipað, eða 29,3%, hlutfall verðbréfa skráð á markaði og verðbréfasjóða hafði lækkað niður í 15,8%, hlutfall innstæðna hafði lækkað niður í 13,8% en hlutfall verðbréfa með ábyrgð ríkis hafði hækkað upp í 22,1%. Á tímabilinu hækkaði hlutfall óskráðra hlutabréfa úr 4,6% í 12,5%. Rekja má breytingar þessar annars vegar til fjárfestingarstefnu félaganna og hins vegar til virðisbreytinga á tímabilinu.

Eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar eða váttryggingaskuldin sjálf hafa oft ranglega verið nefnd bótasjóðir sem er heiti úr eldri lögum sem féllu úr gildi árið 1994. Vegna umræðu um stöðu eigna til jöfnunar váttryggingaskuldar vill Fjármálaeftirlitið láta þess getið að ef eignirnar rýrna geta váttryggingafélög oftast nýtt aðrar eignir til slíkrar jöfnunar, m.a. eignir sem mynda hluta af eigin fé. Eigið fé váttryggingafélaganna, þ.e. eignir umfram váttryggingaskuld og aðrar skuldir, þarf að uppfylla kröfur laga um lágmarksgjaldþol til að

geta mætt áföllum, þar á meðal áföllum vegna fjárfestinga. Samanlagt eigið fé váttryggingafélaga var í lok september sl. 46 ma.kr., eða 71% af stærð váttryggingaskuldar.